

Málsnr.: 1903020
Dalabyggð Málaskrá

3. MAÍ 2019

Bréfalykill: 04.01.08

Kristján Sturluson sveitarstjóri Dalabyggðar
Miðbraut 11, 370 Búðardalur

Bólusetningar sem skilyrði fyrir innritun í leikskóla

Á 174. fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar 10. apríl 2019 var lögð fram tillaga þess efnis að skilyrði fyrir dagvistun barna á leikskóladeild Auðarskóla yrði staðfesting á að barn hafi verið bólusettt samkvæmt skipulagi sóttvarnarlæknis. Jafnframt kom þar fram að tillögunni yrði vísað til umsagnar persónuverndarfulltrúa Dalabyggðar.

Ábyrgð á bólusetningum

Leikskóli er fyrsta skólastigið og er ætlaður börnum undir skólaskyldualdri. Sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla og skulu hafa forustu um að tryggja börnum leikskóladvöl.ⁱ

Embætti landlæknis ber ábyrgð á framkvæmd sóttvarna. Verksvið sóttvarnarlæknis hjá landlæknisembættinu er meðal annars að skipuleggja og samræma sóttvarnir og ónæmisaðgerðir um land allt.ⁱⁱ Umræddar bólusetningar eru ekki lögbundnar, en gjaldfrjálsar börnum með lögheimili hér á landi.ⁱⁱⁱ

Sóttvarnir og bólusetningar eru því á hendi embættis landlæknis (sóttvarnarlæknis), en ekki leikskóla eða sveitarstjórna.

Vinnsla persónuupplýsinga um bólusetningar

Bólusetningar falla undir heilbrigðisupplýsingar og eru skráðar í sjúkraskrá^{iv} og teljast þar með viðkvæmar persónuupplýsingar^v. Um vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga gilda sérstakar reglur^{vi} og ekki verður séð að umrædd vinnsla uppfylli þau skilyrði.

Til að sveitarfélagið fari að vinna með viðkvæmar persónugreinanlegar upplýsingar um íbúa sveitarfélagsins þarf lagaheimild eða málefnaleg rök. Engin lagaheimild er til vinnslunnar og því þarf að leggja fram málefnaleg rök fyrir vinnslunni. Sóttvarnarlæknir hefur ekki talið ástæðu til að grípa almennt til þessara aðgerða og því vandséð hvernig rökstyðja megi málefnaleg rök fyrir jafn íþyngjandi aðgerð og höfnun á leikskóladvöl er.

Vilji menn beita ákvæði um upplýst samþykki^{vii} skal tekið tillit til þess hvort persónuupplýsingarnar séu nauðsynlegar til að geta veitt þjónustuna. Ekki verður séð á hvern hátt óbólusett börn þurfa sérhæfða þjónustu umfram önnur börn og því engin málefnaleg rök fyrir að biðja um þessar upplýsingar.

Telji sveitarstjórn og/eða skólayfirvöld aftur á móti að hlutfall bólusettra barna í sveitarfélaginu séu undir viðmiðunarmörkum sóttvarnarlæknis er fyrsta skrefið að fá upplýsingar frá heilbrigðisyfirvöldum í héraðinu um hlutfall bólusettra barna. Ef hlutfall bólusettra barna í sveitarfélaginu er undir viðmiðunarmörkum sóttvarnarlæknis er hægt að hafa samband við sóttvarnarlækni og aðgerðir skipulagðar í samræmi við það. Gæta skal þess að aðgerðir gangi ekki lengra en nauðsyn krefur og séu í samræmi við meðalhöfsregluna^{viii}.

Niðurstaða

Bólusetningar barna eru ekki lögbundnar og á meðan sóttvarnarlæknir telur ekki ástæðu til aðgerða eru ekki forsendur til að krefjast viðkvæmra persónuupplýsinga við úthlutun dvalar í leikskóla. Leikskóladeild Auðarskóla er ekki heilbrigðisstofnun né á lögmætra hagsmuna að gæta og hefur því ekki heimild til að safna og vinna úr heilbrigðisupplýsingum umfram það sem nauðsynlegt er til umönnunar einstakra barna.

Ef sóttvarnarlæknir telur að grípa þurfi til sértækra aðgerða þá breytist staðan. Leikskólanum er þá skylt að hlýta fyrir mælum sóttvarnarlæknis og heilbrigðisyfirvalda um sóttvarnir. Hugsanlega yrðu þá óbólusettum börnum og starfsfólki vísað úr skólanum tímabundið. Rétt er að hafa í huga að þær ráðstafanir yrðu undir stjórn og upplýsingagjöf frá sóttvarnalækni og heilbrigðisyfirvöldum á staðnum, en ekki leikskóla eða sveitarstjórnar.

Búðardal við Hvammsfjörð 2. maí 2019

Valdís Einarsdóttir

Valdís Einarsdóttir

persónuverndarfulltrúi Dalabyggðar

ⁱ Um leikskóla gilda lög nr. 90/2008, um leikskóla og reglugerð nr. 655/2009, um starfsumhverfi leikskóla.

ⁱⁱ Um sóttvarnir og bólusetningar gilda sóttvarnalög nr. 19/1997 og reglugerð nr. 221/2001 um bólusetningar á Íslandi.

ⁱⁱⁱ 2. gr. reglugerðar nr. 221/2001, um bólusetningar á Íslandi.

^{iv} 9. gr. reglugerðar nr. 221/2001, um bólusetningar á Íslandi..

^v 3. tl. 3. gr. laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

^{vi} 11. gr. laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

^{vii} 1. tl. "hinn skráði hafi veitt afdráttarlaust samþykki sitt fyrir vinnslunni í þágu eins eða fleiri tiltekinna markmiða;"

^{viii} 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.